

Sp.

52. Tillaga

til þingsályktunar um heimild handa ríkisstjórninni til að taka ábyrgð á láni.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson, Sigfús Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast vegna ríkissjóðs 40000 kr. lán, sem Sauðárkrókshreppur hefir fengið loforð fyrir hjá Handelsbanken í Kaupmannahöfn.

Greinargerð.

Lán það, sem hér um ræðir, á að ganga til greiðslu upp í kostnað af rafvirkjun fyrir Sauðárkrókskaupþún, og er því verki þegar lokið. Hreppsnefndin telur sér hina mestu nauðsyn á að fá lánið sem fyrst, og fyrir því er sú leið valin, að bera fram um þetta þingsályktunartillögu.